



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 7. desember 2020
VEL2020110032

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Samþykkt velferðarráðs um þátttöku í tilraunaverkefni félagsmálaráðuneytisins um samræmda móttöku flóttamanna.

Á fundi velferðarráðs þann 2. desember sl. var svohljóðandi tillaga samþykkt:

Lagt er til að velferðarráð samþykki að Reykjavíkurborg taki þátt í tilraunaverkefni félagsmálaráðuneytisins um samræmda móttöku flóttamanna sem gildir frá 1. apríl 2020 til 1. apríl 2021. Gert er ráð fyrir að samningurinn gildi fyrir allt að 384 einstaklinga, eða 287 fjölskyldueiningar, á ársgrundvelli, þ.e. fjölskyldur og einstaklinga. Fjárhæð samningsins gæti numið allt að 111 m.kr. Þar af eru 92 m.kr. áætlaðar í almenna ráðgjöf og stuðning en 18,5 m.kr. fyrir húsnæðisumsýslu. Gert er ráð fyrir 9,2 stöðugildum ráðgjafa, þar af 1,6 stg. í húsnæðisráðgjöf. Kostnaður greiðist alfarið af félagsmálaráðuneytinu. VEL2020110032.

Greinargerð fylgir.
Samþykkt og vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er um að ræða ákaflega viðkvæman hóp með breytilegar þjónustufarir sem geta verið mjög miklar. Það liggur í hlutarins eðli að Reykjavíkurborg þjónustar fólk í borginni í nauð, geri það enginn annar, því ber að fagna að með þessum hætti komi félagsmálaráðuneytið til móts við þá miklu og góðu vinnu sem borgin vinnur í þágu þessa hóps og taki þátt í kostnaði með Reykjavíkurborg.

Samþykktin er hér með send borgarráði.

Virðingarfyllst



Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra velferðarsviðs lögð fram á fundi velferðarráðs þann 2. desember 2020.

Beiðni félagsmálaráðuneytisins, dags. 26. október 2020, um þátttöku í tilraunaverkefni í samræmdri móttöku flóttamanna.



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: Þátttaka í tilraunaverkefni félagsmálaráðuneytisins um samræmda móttöku flóttamanna.

Lagt er til að velferðarráð samþykki að Reykjavíkurborg taki þátt í tilraunaverkefni félagsmálaráðuneytisins um samræmda móttöku flóttamanna sem gildir frá 1. apríl 2020 til 1. apríl 2021. Gert er ráð fyrir að samningurinn gildi fyrir allt að 384 einstaklinga, eða 287 fjölskyldueiningar, á ársgrundvelli, þ.e. fjölskyldur og einstaklinga. Fjárhæð samningsins gæti numið allt að 111 m.kr. Þar af eru 92 m.kr. áætlaðar í almenna ráðgjöf og stuðning en 18,5 m.kr. fyrir húsnæðisumsýslu. Gert er ráð fyrir 9,2 stöðugildum ráðgjafa, þar af 1,6 stg. í húsnæðisráðgjöf. Kostnaður greiðist alfarið af félagsmálaráðuneytinu.

Greinargerð:

Á fundi borgarráðs 10. september síðastliðinn var samþykkt tillaga velferðarráðs frá 2. september að heimila velferðarsviði að taka þátt í viðræðum við félagsmálaráðuneytið vegna beiðni ráðuneytisins um þátttöku Reykjavíkurborgar í tilraunaverkefni um samræmda móttöku flóttamanna. Verkefnið gengur út á að koma á samræmdri móttöku flóttafólks, óháð því hvort það kemur til landsins sem umsækjendur um alþjóðlega vernd eða í boði stjórnvalda í samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (kvótaflóttamenn). Sömu úrræði eiga því að vera í boði fyrir þessa tvo hópa flóttamanna. Aðstoðin felst fyrst og fremst í ráðgjöf og stuðningi, s.s. ráðgjöf og aðstoð við öflun húsnæðis, vegna skólamála, fjölskyldumála, atvinnu o.fl.

Viðræður hafa staðið yfir á undanförunum vikum við ráðuneytið og sýnir tafla 1 hvernig samningur tilraunaverkefnisins vegna 287 einstaklinga og fjölskyldna gæti litið út en það er sá fjöldi sem hefur komið á undanförunum mánuðum ásamt spá fram til 1. apríl 2021.

Tafla 1. Greiðslur frá ríkinu miðað við komu flóttamanna til Reykjavíkur frá apríl 20 – mars 21

Fjölskyldugerð apr 20 - mars 21	Fjöldi	Stöðugildi pr fjölskyldueiningu	Upphæð
Einhleypur karl	134	3,89%	34.800.103
Einhleyp kona	41	3,89%	10.781.661
Einstæður faðir	4	5,86%	1.396.644
Einstæð móðir	29	5,86%	11.782.118
Hjón/sambýlisfólk barnlaus	12	4,54%	4.217.912
Hjón/sambýlisfólk með börn	67	6,56%	29.407.854
Samtals fjöldi fjölskyldueininga	287		92.386.291
Húsnæðisráðgjafi	1,6 stg fyrir 287 fjölskylduein		18.548.837
Samtals til greiðslu vfir árið			110.935.128

Eins og kemur fram í töflu 1 er lægsta greiðslan fyrir þjónustu við einstaklinga, en miðað er við 3,89 % stöðugildi og hæsta greiðsla er þjónusta við hjón eða sambýlisfólk með börn og er gert ráð fyrir 6,56 % stöðugildi fyrir hverja fjölskyldu óháð fjölda barna. Þannig gæti hver ráðgjafi sinnt allt að 27 einstaklingum en um 15 fjölskyldum. Einnig er gert ráð fyrir kostnaði vegna húsnæðisráðgjafar, eða 18,5 m.kr. fyrir þennan fjölda einstaklinga og fjölskyldna.

Í dag eru 15 starfsmenn sem sinna þjónustu við flóttafólk hjá Reykjavíkurborg, en á árunum 2019 og 2020 hafa 667 einstaklingar búsettir í Reykjavík hlotið alþjóðlega vernd og fengið þjónustu frá sveitarfélaginu, þar af 149 börn.

Tafla 2. Þjónustuveiting eftir hverfum:

Þjónustumiðstöð	2019	2020	Samtals
1. Vesturbær, Miðborg og Hlíðar	131	165	296
2. Laugardalur og Háaleiti	90	80	170
3. Breiðholt	61	50	111
4. Árbær og Grafarholt	21	34	55
5. Grafarvogur og Kjalarnes	17	18	35
Total	320	347	667

Með tilkomu tilraunaverkefnisins verður unnt að styðja enn betur við þá einstaklinga sem eru að aðlagast nýju umhverfi. Mikilvægt er að velferðarsvið komi markvisst inn í stuðning við hópinn til að einstaklingar fái öll þau tækifæri sem bjóðast til að verða virkir þátttakendur í samfélaginu.

Frá: Félagsmálaráðuneytið <frn@frn.is>

Sent: mánudagur, 26. október 2020 13:00

Til: Linda Rós Alfreðsdóttir <linda.ros.alfredsdottir@frn.is>

Efni: Móttökusveitarfélög – beiðni félagsmálaráðuneytisins um þátttöku í tilraunaverkefni

Samræmd móttaka flóttafólks hefur verið í undirbúningi hjá félagsmálaráðuneytinu í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og fleiri aðila í nokkurn tíma. Flóttafólki sem kemur hingað á eigin vegum hefur fjölgað verulega á síðustu árum á sama tíma og stjórnvöld hafa unnið markvisst að því að fjölga móttöku flóttafólks í samstarfi við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna.

Nefnd um samræmda móttöku flóttafólks var skipuð til þess að kortleggja stöðu og þjónustu við flóttafólk og leggja fram tillögur að samræmdri móttöku flóttafólks. Nefndin skilaði skýrslu með tillögum að fyrirkomulagi að samræmdri móttöku þar sem sveitarfélög, Vinnumálastofnun og Fjölmenningssetur gegna lykilhlutverkum. Í kjölfarið var skipaður starfshópur með fulltrúum frá félagsmálaráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og formanni félags félagsmálastjóra um gerð samninga við móttökusveitarfélög á grundvelli kröfulýsingar og hefur viljayfirlýsing um samstarf verið undirrituð. Samningurinn felur meðal annars í sér að greitt er fyrir ákveðið starfshlutfall miðað við fjölda einstaklinga sem móttökusveitarfélagið tekur á móti og annast þjónustu við á grundvelli kröfulýsingar. Meðal þess sem kemur fram í kröfulýsingunni eru regluleg viðtöl við þjónustuþega, gerð einstaklingsbundinna áætlana og þá er kveðið á um að móttökusveitarfélög hafi milligöngu um að einstaklingnum standi til boða húsnæði til leigu á almennum leigumarkaði í þeirra sveitarfélagi. Félagsmálaráðuneytið endurgreiðir einnig samkvæmt samningnum sveitarfélaginu sérstakar húsaleigubætur í eitt ár. Þá eru samtals 20 m.kr. settar í þróunarverkefni hjá móttökusveitarfélögum á tímabilinu.

Vakin er athygli á því að samkvæmt 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga þá endurgreiðir ríkissjóður jafnframt útlagðan kostnað, skv. 12.-13. gr. laganna, vegna aðstoðar við erlendra ríkisborgara sem átt hafa lögheimili í landinu skemur en tvö ár.

Um er að ræða reynsluverkefni til eins árs en úttekt á verkefninu verður gerð til þess að leggja mat á verkefnið og greina nánar þörf fyrir úrbætur.

Félagsmálaráðuneytið leitar að sveitarfélögum sem eru áhugasöm um að taka þátt í þessu mikilvæga verkefni. Óskað er eftir fundi með áhugasömum sveitarfélögum til þess að kynna verkefnið og innihald samninga við móttökusveitarfélög. Nánari upplýsingar veitir Linda Rós Alfreðsdóttir, linda.ros@frn.is.



Félagsmálaráðuneyti / Ministry of Social Affairs
Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8100
www.stjornarradid.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

